

23. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um, að skip sem eiga heima í konungsríkinu Sikileyjum og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sé undan þegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarúmi, sem ákveðið er í konunglegum úrskurði 1. apríl þ. á. 1856.
19.nóvemb.

Eptir samningum sem gjörðir eru milli konungsríkisins Danmerkur og konungsríkisins Sikileyja, og skipt er um á víxl þeirra á milli þann 4. f. m., eru þau skip, sem eiga heima í síðarnefndu konungsríki og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarúmi, sem ákveðið er í konunglegum úrskurði 1. apríl þ. á., sem birtur er með auglýsing frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. sama mánaðar.

Þetta gefst hérmeð öllum hlutaðeigendum til vitundar.

24. Opið bréf um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglningar og verzlun á Íslandi. 24.nóvemb.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglningar og verzlun á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Kostnað þann, er leiðir af þeim ráðstöfunum, sem gjöra þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglningar og verzlun á Íslandi, skal greiða í hverju amti úr jafnaðarsjóði amtsins.

2. gr. Áður en það verði fast ákveðið, að sú eða sú ráðstöfun sé nauðsynleg, skal bera það mál undir alþingi, en stjórnin áskilur sér rétt til að skera úr því til bráðabyrgða, og skal þá